

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar til breytinga á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). Þingskjal 30 – 30. mál.

H.F. Verðbréf hf., kt. 581203-2760, vill koma á framfæri athugasemdum í tengslum við ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 (hér eftir nefnd „lífeyrissjóðalögin“) til að skráning verðbréfa á markaðstorg fjármálagerninga verði jafngild skráningu á skipulegan verðbréfamarkað. H.F. Verðbréf skilaði inn umsögn þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi þann 1. apríl sl. (þingskjal 868 – 507. mál), dags. 14. apríl 2014, og fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu til samræmis við efni umsagnarinnar.

H.F. verðbréf vill engu að síður nota tækifærið og koma að smávægilegri athugasemd við breytt frumvarp. Athugasemdin lýtur að því að styðjast við orðalagið í lögum um verðbréfaviðskiptin nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „verðbréfaviðskiptalögin“) til að taka af allan vafa um við hvað er átt. Í frumvarpinu er ítrekað talað um „skipulegan markað“. Í verðbréfaviðskiptalögnum er hins vegar ávallt talað um „skipulegan verðbréfamarkað“.

Þá er í frumvarpinu talað um að „vera í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF)“. Í verðbréfaviðskiptalögnum er hins vegar notað orðalagið „sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga“.

Með vísan til framangreinds leggur H.F. Verðbréf til breytingar á orðalagi frumvarpsins með eftirfarandi hætti:

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: skulu hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með þau á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).*
- b. Í stað orðsins „markaðurinn“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: skipulegur verðbréfamarkaður.*
- c. Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Með markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er átt við markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga nr.*


108/2007, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum, sem rekið er á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

Þá vill H.F. Verðbréf nefna að það koma fyrirtækinu á óvart að í þeirri greiningu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið og samanburðinum á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgi fjármálagerninga er hvergi fjallað um þá minnihlutavernd sem felst í flöggunar- og yfirtökureglum verðbréfaviðskiptalaganna. Að mati H.F. Verðbréfa er mikilvægt að hafa í huga að flöggunar- og yfirtökureglurnar gilda eingöngu á skipulegum verðbréfamörkuðum en ekki á markaðstorgi fjármálagerninga. H.V. Verðbréf ítreka það sem fram kom í fyrri umsögn að fyrirtækið fagnar frumvarpinu og telur það mikilvægt skref í átt til virkari fjármála markaðar hér á landi. Engu að síður vekur það athygli fyrirtækisins að hvergi sé minnst á muninn á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgi fjármálagerninga hvað varðar þessar reglur og veltir fyrir sér hvort það hafi áhrif á greininguna og samanburðinn í greinargerðinni.

Að lokum vill H.F. Verðbréf benda á setningu í greinargerðinni með frumvarpinu sem segir: „Túlkun Fjármálaeftirlitsins hefur verið sú að verðbréf sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga teljist ekki til verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.“ H.F. Verðbréfum er ekki kunnugt um þessa tilteknu túlkun Fjármálaeftirlitsins en þykir setningin undarleg í ljósi þess að skýrt er greint á milli skipulegra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga í verðbréfaviðskiptalögunum og því varla um túlkunaratriði að ræða.

H.F. Verðbréf þakkar fyrir að fá að koma ofangreindum athugasemdum að og vonar að þær verði teknar til skoðunar við frekari meðferð frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
F.h. H.F. Verðbréfa hf.



Andri Guðmundsson,
framkvæmdastjóri